



SINFÓNÍUHLJÓMSVEIT
ÍSLANDS

Ungir einleikarar

15. janúar 2015





MENNTA- OG
MENNINGARMÁLARÁÐUNEYTIÐ



Reykjavíkurborg

Vinsamlegast hafið slökkt á farsímum meðan á tónleikum stendur.

Tónleikagestir eru beðnir um að klappa aðeins í lok tónverka.

Tónleikarnir eru hljóðritaðir og verður þeim útvarpað á Rás 1 á sumardaginn fyrsta. Upptakan er svo aðgengileg fyrstu tvær vikur sumars á www.ruv.is.

Áætluð tímalengd verka:

Robert Schumann: 33'15"

Maurice Ravel: 24'00"

André Jolivet: 10'00"

Edward Elgar: 30'00"

Tónleikarnir eru haldnir í samvinnu við Listaháskóla Íslands.



Aðalstyrktaraðili:

GAMMA



@icelandsymphony

#sinfó

www.sinfonia.is

Ungir einleikarar

Tónleikar í Eldborg 15. janúar 2015 » 19:30

Torodd Wigum stjórnandi

Erna Vala Arnardóttir píanóleikari

Lilja María Ásmundsdóttir píanóleikari

Baldvin Oddsson trompetleikari

Steiney Sigurðardóttir sellóleikari

Robert Schumann

Píanókonsert í a-moll, op. 54 (1845)

I. Allegro affettuoso

II. Intermezzo: Andantino grazioso

III. Allegro vivace

Maurice Ravel

Píanókonsert í G-dúr (1931)

Allegramente

Adagio assai

Presto

Hlé

André Jolivet

Concertino pour trompette, orchestre á cordes et piano (1948)

Allegro; poco più mosso,

Allegro molto; più mosso

Edward Elgar

Sellókonsert í e-moll, op. 85 (1919)

Adagio – Moderato

Lento – Allegro molto

Adagio

Allegro – Moderato – Allegro, ma non troppo

Einleikarakeppni Sinfóníuhljómsveitar Íslands og Listaháskóla Íslands

Á hverju hausti fer fram keppni meðal ungra einleikara um að koma fram með Sinfóníuhljómsveit Íslands. Að þessu sinni fór keppnin fram laugardaginn 8. nóvember 2014 í Listaháskóla Íslands. Sjö nemendur tóku þátt og báru fjórir sigur úr bítum sem leika á tónleikunum í kvöld. Dómnefnd skipuðu: Kristinn Sigmundsson, formaður, Einar St. Jónsson, trompetleikari, Ástríður Alda Sigurðardóttir, píanóleikari, Una Sveinbjarnardóttir, fiðluleikari og Sigrún Eðvaldsdóttir, konsertmeistari, fulltrúi Sinfóníuhljómsveitar Íslands.

Ritun í tónleikaskrá

Ritun texta í tónleikaskrá Ungra einleikara var í höndum einleikaranna sem koma fram á tónleikunum í kvöld.

Ljósmyndir í tónleikaskrá

Grímur Bjarnason.

Torodd Wigum

hljósveitarstjóri



Norðmaðurinn Torodd Wigum nam víóluleik við Trøndelag tónlistarkonservatóríið og Norsku tónlistarakademiuna. Á námsárunum gegndi hann stöðu fyrsta víóluleikara hjá Sinfóníuhljómsveit Þrándheims og á sama tíma var hann víóluleikari kammersveitarinnar Trondheim Soloists og lék meðal annars með Anne-Sophie Mutter, Leif Ove Andsnes, Ole Edvard Antonsen, Joshua Bell og John Lord. Frá ágústmánuði 2010 hefur Wigum verið heimastjórnandi Sinfóníuhljómsveitar Þrándheims og listrænn stjórnandi samtímahópsins Trondheim Sinfonietta.

Á árunum 2007-2009 var Torodd Wigum aðstoðarhljóm-sveitarstjóri Filharmóníuhljómsveitarinnar í Bergen og Andrews Litton en Litton stjórnaði upphafstónleikum Sinfóníuhljómsveitar Íslands í ár. Wigum gegndi einnig stöðu heimastjórnanda hjá sinfóníuhljómsveitinni í Stafangri frá 2010-2011 og var aðstoðarmaður hljósveitarstjórans Neeme Järvi bæði í Bergen og í Tallinn.

Á þessu starfsári og á næstu misserum stjórnar Torodd filharmóníusveitunum í Osló og Bergen, Norsku útvarps-hljómsveitinni og sinfóníuhljómsveitunum í Þrándheimi, Stafangri og Kristjánssandi ásamt MDR sinfóníuhljóm-sveitinni í Leipzig, Þjóðarsinfóníuhljómsveit Eistlands og Filharmóníusveit Kaupmannahafnar.

Torodd Wigum stjórnar Sinfóníuhljómsveit Íslands nú í fyrsta sinn.

 @toroddwigum

Erna Vala Arnardóttir

píanóleikari



Erna Vala Arnardóttir er fædd árið 1995. Hún hóf píanónám sjö ára gömul í einkakennslu hjá Ásrúnu Ingu Kondrup. Árið 2006 byrjaði hún í Nýja Tónlistarskólanum þar sem hún lærði hjá Arndísi Björk Ásgeirsdóttur, Jóni Sigurðssyni og Vilhelmínu Ólafsdóttur og lauk framhaldsprófi þaðan vorið 2013. Sama haust hóf hún diplómanám við Listaháskóla Íslands undir leiðsögn Peters Máté en er nú á öðru ári í bakkalárnami þar. Hún hefur auk þess hlotið leiðsögn hjá Nínu Margréti Grímsdóttur, Víkingi Heiðari Ólafssyni, Megumi Masaki, Poul Roberts, Charles Owen og fleirum. Erna Vala hefur hlotið verðlaunasæti í EPTA-keppninni á Íslandi og auk þess tekið þátt í námskeiðum og masterklössum í Belgíu, Ítalíu og Frakklandi.

Lilja María Ásmundsdóttir

píanóleikari



Lilja María Ásmundsdóttir er fædd árið 1993. Hún hóf nám í fiðluleik við Tónskóla Sigursveins D. Kristinssonar fjögurra ára að aldri hjá Sigríði Helgu Þorsteinsdóttur. Seinna stundaði hún nám hjá Helgu Steinunni Torfadóttur, Aðalheiði Matthíasdóttur, Bryndísi Pálsdóttur og Unu Sveinbjarnardóttur. Hún lauk 6. stigi árið 2008 frá Tónlistarskólanum í Reykjavík.

Tíu ára gömul hóf hún nám í píanóleik hjá Þórunni Huldu Guðmundsdóttur við Tónskóla Sigursveins. Hún lauk framhaldsprófi þaðan vorið 2013 og hóf nám við Listaháskóla Íslands um haustið sama ár hjá Peter Máté. Hún hefur tekið þátt í ýmsum meistaranámskeiðum, meðal annars hjá Víkingi Heiðari Ólafssyni, Nínu Margréti Grímsdóttur, Eddu Erlendsdóttur, Megumi Masaki og Birgittu Wollenweber.

Baldvin Oddsson

trompetleikari



Baldvin Oddsson (f. 1994) hóf trompetnám við Tónskóla Sigursveins fimm ára gamall og lauk þaðan framhalds- og burtfararprófi með tónleikum í Seltjarnarneskirkju 10 árum síðar. Baldvin hefur síðan verið við tónlistarnám í Bandaríkjunum, fyrst við Interlochen Arts Academy í Michigan, síðan við San Francisco Conservatory of Music og loks veturlangt hjá Stephen Burns í Chicago. Baldvin er nú á öðru ári við Manhattan School of Music, kennari hans þar er Mark Gould, fyrrum fyrsti trompetleikari Metropolitan Opera Orchestra í New York. Við Interlochen bar Baldvin sigur af hólmi í einleikarakeppni skólans og lék í kjölfarið einleik með hljómsveit skólans. Baldvin hefur víða komið fram á tónlistarviðburðum í Evrópu og Norður Ameríku og hlotið fjölda viðurkenninga og verðlauna. Hann var tilnefndur til Íslensku tónlistarverðlaunanna sem Bjartasta vonin árið 2013.

Steiney Sigurðardóttir

sellóleikari



Steiney Sigurðardóttir (1996) hóf sellónám fimm ára gömul hjá Örnólfi Kristjánssyni við Suzuki-tónlistarskólann í Reykjavík og Tónskóla Sigursveins. Hún lauk framhaldsprófi vorið 2012 undir handleiðslu Gunnars Kvaran. Frá áramótum 2013 hefur Steiney verið nemandi Sigurgeirs Agnarssonar við Listaháskóla Íslands og nú við Tónlistarskólann í Reykjavík og mun útskrifast þaðan með burtfararpróf í vor. Steiney hefur sótt fjölda námskeiða og má þar helst nefna Tónlistarhátíð unga fólksins, Djúpið, Tónlistarakademiuna í Hörpu, námskeið Ungsveitar Símfóníuhljómsveitar Íslands og Orkester Norden. Hún hefur einnig sótt Meadowmount School of Music og Astona International. Steiney hefur spilað í opnum tímum hjá Erling Blöndal Bengtson, Clive Greensmith, Bryndísi Höllu Gylfadóttur og Marko Ylönen. Steiney lék sellókoncert nr. 1 eftir Camille Saint-Saëns á hátíðartónleikum Tónlistarskólans í Reykjavík í Hörpu síðastliðið vor. Þá lauk hún einnig stúdentsprófi frá Menntaskólanum við Hamrahlíð og stefnir á framhaldsnám erlendis.



Robert Schumann

Píanókonsert í a-moll, op. 54

Þýska tónskáldið Robert Schumann fæddist árið 1810 og dó 1856. Hann dreymdi um að verða mikill píanisti, en eyðilagði á sér hendurnar og varð að leggja þann feril á hilluna. Í stað þess einbeitti hann sér að tónsmíðum, tónlistargagnrýni og skrifum, og giftist svo einum mesta píanista aldarinnar, Clöru Schumann. Mikið af tónlist Schumanns er samin fyrir hana og þar á meðal er píanókonsertinn. Þetta er eini konsertinn sem hann samdi og er hann meðal frægustu rómantísku píanó-konserta, en hann var líka einstakur fyrir sinn tíma. Hann er fullur af andstæðum sem einkenna tvískiptan persónuleika Schumanns, og svo vefur hann hljómsveitar- og píanópartinn saman á órjúfanlegan máta.

Upprunalega var fyrsti kaflinn saminn sem fantasía fyrir píanó og hljómsveit árið 1841. Fjórum árum seinna bætti Schumann seinni tveimur köflunum við og þá frumflutti Clara verkið. Þrátt fyrir að konsertinn hafi verið saminn á svo löngum tíma er hann ótrúlega heilsteyptur. Fyrsti kaflinn byrjar með miklum hveli í hljómsveitinni sem er fylgt eftir með stórum hljómum píanósins. Þá er aðalstefið kynnt, en tónskáldið vinnur með þetta stef í ýmsum formum í gegnum allan konsertinn. Í lok fyrsta kaflans er stór einleikskadensa en hann endar svo kaflann glæsilega með hröðum kóða úr upphafsstefinu.

Annar kaflinn er rólegur millikaflinn sem leiðir inn í glaðlegan og öflugan lokakaflann með endurminningu á fyrsta stafi konsertsins. Aðalstef seinni kaflanna er einnig myndað úr því svo úr myndast skemmtileg og afar falleg tenging. Síðasti kaflinn er líflegur og glettinn, sýnir mikinn fjölbreytileika í lit og skemmtilega rythmasnúninga.

Kaflarnir mynda saman yndislega lýríska og talandi heild en konsertinn er jafnframt mikilfenglegur og umfram allt einstaklega fallegur frá upphafi til enda.

Erna Vala

Tónlistin á Íslandi

Þórunn Tryggvadóttir, síðar Ashkenazy, lék fyrst einleikara píanókonsertinn í a-moll með Sí undir stjórn Jóhanns Tryggvasonar í Þjóðleikhúsinu. Jórúnn Viðar flutti konsertinn tveimur árum síðar á sama stað undir stjórn Olavs Kjellands. Wilhelm Kempff flutti konsertinn í Háskólabíói undir stjórn Bohdans Wodiczko og Cristina Ortiz (1976) undir stjórn Karstens Andersen. Einnig má nefna flutning Önnu Áslaugar Ragnarsdóttur (1987) undir stjórn Gerhards Deckert og Krystynu Cortes (1992) undir stjórn Hannu Koivula svo stiklað sé á stóru í sögu konsertsins. Síðast léku Jonathan Biss og Sí píanó-konsertinn í Royal Albert Hall á PROMS-hátíðinni í London haustið 2014 undir stjórn Ilans Volkov.

Maurice Ravel

Píanókonsert í G-dúr



Franska tónskáldið Maurice Ravel (1875-1937) er yfirleitt kenndur við impressjónismann líkt og Debussy. Hann var einnig píanóleikari og hljómsveitarstjóri, en sjálfur leit hann fyrst og fremst á sig sem tónskáld. Hann er þekktastur fyrir laglínur sínar og hugmyndaríka notkun á áferðum og litbrigðum hljómsveitarinnar. Móðir Ravel var basknesk að uppruna og má greina skýr basknesk-spænsk áhrif í tónlist hans, en með elstu minningum hans voru þjóðlög sem hún söng. Einnig gætir áhrifa frá bandarískri jazztónlist í verkum Ravel og á það sérstaklega við um fyrsta og þriðja kafla konsertsins.

Þegar konsertinn var frumfluttur í París þann 14. janúar árið 1932 af píanóleikaranum Marguerite Long var Ravel í hlutverki hljómsveitarstjórans. Konsertinn er fremur klassískur í uppbyggingu, en Ravel sagðist hafa skrifað hann í anda Mozarts og Saint-Saëns. Hann fylgir hinu klassíska þriggja þátta formi; tveir hraðir kaflar sitt hvoru megin við hægan kafla, þar sem fyrsti kaflinn er í sönötuformi á meðan þriðji kaflinn er eins konar rondó.

Tónlistin á Íslandi

Píanókonsert Ravel í G-dúr hefur hljómað hátt á annan tug skipta á tónleikum Sinfóníuhljómsveitar Íslands. Konsertinn hljómaði fyrst árið 1966 í meðförum Kedra Wladyslaw undir stjórn Bohdans Wodiczko í Háskólabíói. Meðal annarra sem leikið hafa konsertinn eru Halldór Haraldsson (1968 og 1982) undir stjórn Sverres Bruland og Jean-Pierres Jacquillat, Alicia de Larrocha (1972) undir stjórn Pers Dreier, Þorsteinn Gauti Sigurðsson (1972) undir stjórn Páls P. Pálssonar, Helga Bryndís Magnúsdóttir (1987) undir stjórn Marks Reedman, Sigrún Grendal Jóhannesdóttir (1994) undir stjórn Bernharðs Wilkinsonar og nú síðast Steven Osborne (2012) undir stjórn Ilans Volkov.

Áhrif jazzins má greina í úrvinnslu á rytmísku fyrsta stefi upphafskafans á meðan hið lagræna seinna stef býr yfir spænskarabískri stemmningu. Kadansan er byggð á hluta af þessu seinna stefi og yfir því hljómar trilla sem er ætlað að líkja eftir sög, sem var algengt að nota í jazzinum á þessum tíma. Klarínettkvintett Mozarts var fyrirmynd Ravel að öðrum kaflanum. Hann játaði eitt sinn fyrir Marguerite Long að hann hafi átt í töluverðum erfiðleikum með að skrifa laglínuna, sem þó flæðir eðlilega líkt og um spuna sé að ræða, en hann skrifaði aðeins tvo takta í einu og nostraði mikið við laglínuna. Konsertnum lýkur með stuttum og snörpum, tokkötulegum lokakafla þar sem má greina skýr áhrif frá jazzinum, sérstaklega hjá blásurunum.

Lilja María



André Jolivet

Concertino pour trompette, orchestre á cordes et piano

Franska tónskáldið André Jolivet fæddist í París 8. ágúst 1905. Áhugamál hins unga Jolivet voru mörg, þar á meðal myndlist, bókmenntir og leikhús. Tónlistin átti þó hug hans allan og einbeitti hann sér mjög að tónlistarnámi sínu en á meðal kennara hans voru tónskáldið Edgard Varése. Í fyrstu verkum Jolivets gætir áhrifa frá Debussy, Ravel og Dukas en hann heyrði tónlist þeirra fyrst í París árið 1919 og varð fyrir miklum áhrifum af henni. Síðar heyrði hann tónlist Bergs og Schönbergs og hreifst mjög af. Árið 1935 kom Jolivet að stofnun kammermúsíkkúbbsins La Spirale ásamt Olivier Messiaen og fleiri tónskáldum er aðhylltust nýjustu stefnur og strauma í samtímatónlist. Fljótlega var nafni klúbbsins þó breytt og til varð La jeune France er hafði það að leiðarljósi að stuðla að framgangi franskra tónlistar.

Jolivet þjónaði föðurlandi sínu í síðari heimsstyrjöldinni og um svipað leyti vaknaði áhugi hans á frumstæðum trúarbrögðum og göldrum og gætir áhrifa þess í tónlist hans frá þessum tíma. Árið 1945 var Jolivet skipaður tónlistarstjóri Comédie-Francaise og fór í kjölfarið að kveða við annan tón í verkum hans með tjáningaríkum laglínunum. Konsertínóið fyrir trompet, strengi og píanó er samið árið 1948 og ber virtúósis-kum stíl tónskáldsins glöggt vitni. Verkið er í knöppum nýklassískum stíl og kaflarnir fjórir: Allegro; poco più mosso, Allegro molto; più mosso. Jolivet kallaði trompetkonsertana sína tvo, konsertínóið og konsertinn (1954), stundum „trompetballettana mína“, líklega ekki eingöngu þótt ballettar hefðu oft verið samdir við verkin heldur einnig vegna þess leikandi léttleika er einkennir þau bæði. Þá eiga þau það sammerkt að gera miklar kröfur til flytjenda.

André Jolivet lést í heimaborg sinni, París, 20. desember 1974.

Baldvin


Tónlistin á Íslandi

Tónlist eftir franska tónskáldið André Jolivet er ekki oft flutt á tónleikum Sinfóníuhljómsveitar Íslands.

Trompetkonsertínóið heyrst nú í fyrsta skipti í meðförum hljómsveitarinnar en árið 1993 flutti hljómsveitin ásamt Maartin van der Valk slagverkskonsert tónskáldsins undir stjórn Avis Ostrowsky.

Edward Elgar

Sellókonsert í e-moll, op. 85



Edward Elgar (1857–1934) var helsta tónskáld Breta á tíma síðrómantíkur. Faðir hans átti nótnabúð auk þess að vera píanóstillir og var Elgar því umvafinn tónlist frá unga aldri. Elgar sótti fiðlu- og píanótíma en var að mestu leyti sjálf lærður sem tónskáld. Árin 1880 og 1882 ferðaðist Elgar um Evrópu og kynntist mörgum af þekktustu tónskáldum þess tíma, Brahms, Saint-Saëns og Wagner. Hann varð fyrir miklum áhrifum frá þessum tónskáldum og þegar hann sneri aftur til Bretlands leið honum eins og hann væri útlendingur í eigin landi. Eftir ferðina hóf Elgar að semja tónverk og 17 árum síðar voru það *Enigma-tilbrigðin*, fyrir hljómsveit sem að komu honum á kortið.

Elgar samdi sellókonsertinn árið 1919 til minningar um fyrri heimsstyrjöldina en hún hafði mikil áhrif á hann og samdi Elgar lítið sem ekkert á meðan á henni stóð. Sellókonsertinn var síðasta stóra verkið sem hann samdi en ári síðar dó kona hans Alice og eftir það hætti Elgar nánast alveg að semja og hóf að taka upp verk sín með frægustu hljóðfæraleikurum síns tíma. Frá fyrsta tóni er konsertinn tilfinningaþrunginn og ástríðufullur. Það eru lágfiðlurnar sem kynna stef fyrsta kaflans. Stefið kemur oft fyrir í kaflanum í ýmsum myndum, bæði völdugt og kraftmikið en einnig íhugult og sorgmætt. Annar kaflinn er algjör andstæða við þann fyrsta. Hann er léttur, hraður og krefst mikils af einleikaranum hvað varðar tæknilega færni. Þriðji þátturinn er hægur og breiður, líkt og draumsýn inn í fagra veröld. Tónvefurinn er þéttur og er kaflinn líkt og eitt stórt andvarp. Fjórdi þátturinn vekur hlustandann upp af fögrum draumi. Hann er ákafur, glettinn, háalvarlegur og dramatískur á víxl og segja má að hann sé eins konar samantekt af því sem hefur gerst í fyrri köflum. Í lok fjórða þáttar er komið aftur með dramatíska stefið sem spilað var í upphafi og þannig lýkur Elgar konsertinum.

Steiney

Tónlistin á Íslandi

Sellókonsert Elgars hefur hljómað alloft í meðförum Sinfóníuhljómsveitar Íslands. Erling Blöndal Bengtson flutti konsertinn fyrstur með *Sí* árið 1973 undir stjórn Jean-Pierres Jacquillat. Meðal annarra sem flutt hafa konsertinn með hljómsveitinni eru Julian Lloyd Webber undir stjórn Ricos Saccani árið 1998 og Steven Isserlis undir stjórn Rumons Gamba árið 2005. Sellókonsert Elgars hljómaði síðast 2013 þar sem Sæunn Þorsteinsdóttir lék einleik með Ungsveit *Sí* undir stjórn Petris Sakari. Á þeim tónleikum leiddi Steiney, einleikari kvöldsins, sellósveitina í konsertinum.

Meistarataktar

Fim. 29. jan. » 19:30



Á tónleikum Sinfóníuhljómsveitar Íslands á Myrkum músík-dögum er jafnan að finna spennandi efnisskrá þar sem íslensk tónlist er í forgrunni. Einleikararnir, Sigrún Eðvaldsdóttir og Hávarður Tryggvason eru, líkt og stjórnandinn Petri Sakari, meistarar í flutningi íslenskrar nútímatónlistar.

Þorkell Sigurbjörnsson	<i>Ymur</i>
Leifur Þórarinsson	<i>Hnit</i>
Þorkell Sigurbjörnsson	<i>Niður, kontrabassakonsert</i>
Hilmar Þórðarson	<i>Lupus chorea</i>
Leifur Þórarinsson	<i>Fíðlukonsert</i>

Petri Sakari hljómsveitarstjóri

Hávarður Tryggvason og **Sigrún Eðvaldsdóttir** einleikarar

Sinfóníur nr. 3 með Osmo

Fim. 5. feb. » 19:30



Osmo Vänskä hlaut Grammy-verðlaunin 2014 ásamt Minnesota hljómsveitinni fyrir hljómdisk með 1. og 4. sinfóníu Sibeliusar og nú gefst aðdáendum Osmos tækifæri til að hlýða á túlkun hans á 3. sinfóníunni í meðförum Sinfóníuhljómsveitar Íslands.

Jean Sibelius	<i>Sinfónía nr. 3</i>
Anton Bruckner	<i>Sinfónía nr. 3</i>

Osmo Vänskä hljómsveitarstjóri



SINFÓNÍUHLJÓMSVEIT
ÍSLANDS



Eivør í Norðurljósum

Mið. 25. feb. » 20:00

Fim. 26. feb. » 20:00

Með framúrskarandi og seiðandi sviðsframkomu hefur söngkonan og lagasmiðurinn Eivør Pálsdóttir sungið sig inn í hug og hjörtu Íslendinga. Nú sameina Eivør, hljómsveit hennar og Sinfóníuhljómsveit Íslands krafta sína í Norðurljósum í Hörpu og flytja lög

Tryggið ykkur miða

Eivarar sem mörg hver má heyra á nýjustu plötu hennar, *Room*. Hljómsveitarstjóri er Bernharður Wilkinson.

Tryggið ykkur sæti á Eivöru og Sinfóníuhljómsveit Íslands.

Aðalstyrktaraðili:

GAMMA



@icelandsymphony #sinfo14

Hljómsveit á tónleikum

15. janúar 2015

1. FIÐLA

Sif Margrét Tulinius
Una Sveinbjarnardóttir
Zbigniew Dubik
Rósa Hrund Guðmundsdóttir
Pálína Árnadóttir
Júlíana Elín Kjartansdóttir
Olga Björk Ólafsdóttir
Ágústa María Jónsdóttir
Lin Wei
Hildigunnur Halldórsdóttir
Mark Reedman
Bryndís Pálsdóttir

2. FIÐLA

Gunnhildur Daðadóttir
Geirprúður Ása Guðjónsdóttir
Kristján Matthíasson
Ingrid Karlsdóttir
Roland Hartwell
Laufey Jensdóttir
Sigurlaug Eðvaldsdóttir
Dóra Björgvinsdóttir
Þórdís Stross
Christian Diethard

VÍÓLA

Svava Bernharðsdóttir
Sarah Buckley
Kathryn Harrison
Jónína Auður Hilmarsdóttir
Herdís Anna Jónsdóttir
Eyjólfur Alfreðsson
Þórarinn Már Baldursson

SELLÓ

Sigurgeir Agnarsson
Hrafnkell Orri Egilsson
Sigurður Bjarki Gunnarsson
Ólöf Sigursveinsdóttir
Inga Rós Ingólfssdóttir
Lovísa Fjeldsted

BASSI

Dean Ferrell
Þórir Jóhannsson
Jóhannes Georgsson
Richard Korn

FLAUTA

Hallfríður Ólafsdóttir
Áshildur Haraldsdóttir

ÓBÓ

Daði Kolbeinsson
Peter Tompkins

KLARÍNETT

Arngunnur Árnadóttir
Grímur Helgason
Rúnar Óskarsson

FAGOTT

Brjánn Ingason
Rúnar Vilbergsson

HORN

Joseph Ognibene
Emil Friðfinnsson
Stefán Jón Bernharðsson
Þorkell Jólsson

TROMPET

Einar Jónsson
Guðmundur Hafsteinsson

BÁSÚNA

Sigurður Þorbergsson
Oddur Björnsson
David Bobroff, bassabásúna

TÚBA

Nimrod Ron

HARPA

Katie Buckley

PÍANÓ

Anna Guðný Guðmundsdóttir

PÁKUR

Eggert Pálsson

SLAGVERK

Steef van Oosterhout
Frank Aarnink
Árni Áskelsson

Arna Kristin Einarsdóttir framkvæmdastjóri
Árni Heimir Ingólfsson listrænn ráðgjafi
Margrét Sigurðsson fjármálafulltrúi
Grímur Grímsson sviðsstjóri

Anna Sigurbjörnsdóttir tónleikastjóri
Hjördis Ástráðsdóttir fræðslustjóri
Margrét Ása Jóhannsdóttir nótna- og skjalavörður
Sigþór J. Guðmundsson sviðsstjóri

Margrét Ragnarsdóttir markaðs- og kynningarstjóri
Greipur Gíslason verkefnastjóri
Una Eyþórsdóttir mannauðsstjóri
Valgerður Árnadóttir umsjónarmaður

Heimspíanistar í Hörpu

Jorge Luis Prats

Virtúósinn frá Kúbu snýr aftur



HARPA



Norðurljós

7. febrúar kl. 20:00

Nánari upplýsingar í síma 528 5050, á midi.is og harpa.is

www.harpa.is/prats

ICELANDAIR 

 Arion banki

 CENTER
HOTELS

Sibeliusar -þrífleikurinn

150 ár frá fæðingu Sibeliusar

Tryggið ykkur miða

Jean Sibelius hefur fylgt Sinfóníuhljómsveit Íslands frá upphafi og nú fögnum við 150 ára fæðingarafmæli tónskáldsins. Sibelius samdi sjö sinfóníur og fjölda hljómsveitarverka. Þar má nefna *Finlandia*, *Karelia-svítuna* og *Kullervo* sem einmitt hljómar á tónleikum Sinfóníuhljómsveitar Íslands 22. janúar.

Þrjár landar Sibeliusar stjórna Sinfóníuhljómsveit Íslands á jafn mörgum tónleikum á vormisseri í tilefni tímamótanna. Petri Sakari stjórnar flutningi á *Kullervo* með Karlakór Reykjavíkur og Fóstbræðrum 22. janúar.

Tvær sinfóníur verða fluttar; nr. 3 undir stjórn Osmo Vänskä 5. febrúar og nr. 1 undir stjórn Önnu-Mariu Helsing 12. mars.

Hægt er að kaupa sérstakan miða, Sibeliusar-þrífleikinn, þar sem 20% afsláttur er veittur af miðaverði þegar miðar eru keyptir á alla þrenna tónleikana.




22. janúar *Machbeth* og *Kullervo*

5. febrúar *Sinfóníur nr. 3* með Osmo

12. mars *Anna-Maria* stjórnar Sibeliusi

Miðinn á Sibeliusar-þrífleikurinn fæst í miðasölu Hörpu. Sími 528 5050.

Sibelius
2015

   @icelandsymphony #sinfó